



Húnaþing vestra

Hvammstangabraut 5 • 530 Hvammstangi
Sími 455 2400 • Fax 455 2409
www.hunathing.is • Kt. 540598-2829

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hvammstangi, 25. október 2018

Efni: Umsögn sveitarstjórnar Húnaþings vestra um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2019 -2033 , 173. mál

Sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur kynnt sér tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2019-2023 sem samgönguráðherra lagði fram við upphaf yfirstandandi þings, þ.e. 149. þings 2018-2019.

Það olli sveitarstjórn vonbrigðum að í þessari fimm ára áætlun skuli hvergi minnst á nokkrar vegabætur í Húnaþingi vestra og raunar eru einu vegabæturnar sem komast á blað á Norðurlandi vestra kafli á Skagastrandarvegi eftir 3-4 ár. Fyrirverandi og núverandi sveitarstjórn Húnaþings vestra hafa lagt mikla áherslu á vegabætur í héraðinu. Sérstaklega hefur kastljósinu verið beint að tengivegum, sem eru að mestu leyti malarvegir og telja nokkur hundruð kílómetra í sveitarfélaginu. Hefur borið þar hæst áhersla sveitarstjórnar á veg nr. 711, Vatnsnesveg.

Umferð um Vatnsnesveg hefur aukist gríðarlega á undanförunum árum með aukinni umferð ferðamanna. Reynslan sýnir að þarna eru margir óreyndir ökumenn á ferð að aka um erfiðan malarveg að helstu náttúruperlum Íslands. Það hefur haft í för með sér að slys og óhöpp hafa verið alltið á liðnum árum s.s. útafakstur og bílveltur. Sem betur fer hafa ekki orðið mörg alvarleg slys en þó varð eitt banaslys árið 2004. Þegar frá er talin umferð ferðamanna er þarna fyrir umferð íbúa, sem búa á Vatnsnesi og fara margir þeirra til vinnu daglega á Hvammstanga eða þurfa að sækja þangað þjónustu. Sama má segja um skólabörn, sem búa kringum Vatnsnesið og fara með skólabílum hvern virkan dag í Grunnskóla Húnaþings vestra, sem staðsettur er á Hvammstanga.

Umferð og veðurfar hafa mikil áhrif á stöðu og ástand vegarins frá degi til dags. Undanfarin misseri hefur vegurinn verið slæmur að meðaltali. Ef bleytutíð er viðvarandi meðfram jafnri og þéttri umferð er vegurinn á skömmum tíma orðinn afar erfiður yfirferðar fyrir flestar tegundir bifreiða, þ.e. holóttur og aurugur og kantar mjög varasamir. Í slíkri tíð er ljóst að þrátt fyrir að vegurinn sé hefлаður er hann fljótur að fara í sama farið aftur.

Ferðamenn hafa vissulega val hvort þeir fari þennan veg eða ekki en íbúar og þ.m.t. skólabörn hafa ekkert val. Í okkar landi er grunnskólaskylda og því verða börn sem búa við þennan veg að fara þarna um tvisvar á dag, hvern virkan dag, níu mánuði ársins. Í tíu ár þarf því hvert skólabarn að velkjast þennan veg á lágmarkshraða með tilheyrandi óþægindum.

Í ljósi alls þessa telur sveitarstjórn Húnaþing vestra afar mikilvægt að taka skólaakstursleiðir á Vatnsnesvegi út fyrir sviga og leggja áherslu á þær fyrst og fremst. Til að þoka málum sem hraðast

áfram telur sveitarstjórn brýnt að byggja þessa hluta vegarins upp skv. faglegu mati Vegagerðar ríkisins. Leggja síðan á þær slitlag kanta á milli. Kantaflái yrði ekki tekinn skv. stöðlum að sinni. Ökuhraði yrði sá sami og á malarvegi og síðan yrði bætt við útskotum með reglulegu millibili. Regluleg heflun yrði úr sögunni og rekstrarkostnaður vegarins myndi því minnka til mikilla muna.

Þegar allt er tekið saman er öllum ljóst sem kynna sér málið til hlítar að mikilla úrbóta er þörf á Vatnsnesvegi. Vissulega liggja slíkar leiðir víða bæði í Húnaþingi vestra og víðar og mætti með góðri samvisku kalla „samfélagsvegi“ því þeir eru afar mikilvægir samfélaginu á hverjum stað. En þó fjöldinn sé mikill og kílómetrarnir margir er ekki hægt að láta slíka vegi liggja óbætta hjá garði. Skynsamlegast væri að setja upp áætlun í góðri sátt við þing og þjóð hvernig megi skipulega bæta þessa vegi skref fyrir skref. Hér er lagt til að farin verði ákveðin skemmri skírn að úrbótum sem myndi skila sér í góðum vegi á skömmum tíma og minni rekstrarkostnaði til langs tíma. Skemmri skírnin er farin og valin vegna þess að vandinn er mikill og kallar á tafarlausa úrlausn. Því er skorað á samgönguyfirvöld að endurskoða samgönguáætlun m.t.t. þess að sett verði allnokkurt fé í „samfélagsvegi“ á hverju ári næstu fimm árin ellegar að leggja til við fjárlaganefnd að hún bæti fjármunum inn í samgöngumálin sem yrðu sérstaklega eyrnamerkir „samfélagsvegum“.

Fundur íbúa við Þjóðveg 711 (Vatnsnes og Vesturhóp í Húnaþingi vestra) haldinn 10. október 2018 að Hótel Hvítserk í Vesturhópi sendi frá sér eftirfarandi ályktun:

“Tildrög fundar þessa er afleitt ástand á vegi 711 og mættu íbúar frá flestum bæjum við veginn og þess má geta að margt var af ungu fólki sem býr á svæðinu. Miklar umræður urðu á fundinum og eru helstu niðurstöður þessar.

1. Þjóðvegur 711 er í afleitu ástandi enda viðhaldsskortur háð honum árum saman og mikil umferð ferðamanna. Selaslóðir á vestanverðu Vatnsnesi og Hvítserkur að austanverðu helstu ferðamannastaðirnir.

2. Ekki hefur verið komið til móts við óskir heimamanna um endurbætur á veginum og fólk orðið afskaplega langþreytt á orðagjálfri ráðamanna sem virðast halda ákaflega fast um budduna og hlusta ekki á fólkið á svæðinu. Þess má geta að nú hefur hámarkshraði vegarins á kafli verið færður niður í 30 km án þess að neinar framkvæmdir eigi sér stað. Hlýtur að vera einsdæmi á Íslandi og sýnir í raun hve alvarlegt ástandið er orðið.

3. Mörg slys hafa orðið á þjóðvegi 711 undanfarin ár. Banaslys varð á veginum árið 2004 þegar ferðamaður missti stjórn á bil sínum í lausamöl með þeim afleiðingum að hann valt út af veginum.

4. Farartæki heimamanna hafa fengið að kenna á ástandi vegarins og viðhaldskostnaður farið upp úr öllu valdi. Sama má segja um bíla þeirra sem sjá um skólaakstur. Benda má á að margir íbúar við þjóðveg 711 sækja vinnu annað til að drýgja tekjur enda sauðfjárræktarsvæði og fáir lifa á því eingöngu.

5. Foreldrar eru orðnir mjög uggandi um börn sín í skólaakstri á þessum vegi og eru mörg dæmi um að börn kasti upp á leiðinni. Eins eru börnin kvíðin fyrir ferðunum og eru lengi að jafna sig í skóla og heima í lok ferðar og eins hefur ferðatíminn lengst til muna. Þetta er að sjálfsögðu algerlega óviðunandi og má segja að þetta jaðri við barnaverndarmál.

6. Íbúar við Þjóðveg 711 skora á stjórnvöld að bæta ástand vegarins þannig að ekki hljótist af frekara tjón á farartækjum og fólki. Ljóst er að ábyrgð stjórnvalda er mikil í öllu þessu máli og ekki hægt að víkja sér undan aðgerðum.

7. Foreldrar skólabarna á fundinum voru á því að skammt væri í að börn yrðu ekki send í skóla ef ástand vegarins verður ekki bætt verulega. Benda má á að slík aðgerð yrði algerlega á ábyrgð stjórnvalda sem með sinnuleysi sínu myndu þá hafa lögbundna skólagöngu af börnum á svæðinu. Slíkt væri sennilega fátækt, ekki síst í ríku samfélagi á 21. öld.

8. Fundurinn skorar á sveitarstjórn Húnaþings vestra að koma til liðs við íbúa við Þjóðveg 711 með öllum ráðum og reyna að þrýsta á stjórnvöld að gera betur. Ábyrgð sveitarstjórnar er líka mikil í þessu máli. Eins hvetur fundurinn alla hagsmunaaðila í Húnaþingi vestra (s.s. ferðapjónustuaðila) til að taka höndum saman með íbúum á Vatnsnesi og Vesturhópi og beita þrýstingi þar sem við á. Þetta sama á við um pólitíska flokka, ekki síst þá sem tilheyra stjórnarmeirihlutanum á Alþingi.

9. Ályktun þessi verður send til þeirra sem við á og eins mun verða haft samband við fjölmiðla til þess að sýna þungann í þessu máli.

10. Að lokum áréttar fundurinn ábyrgð stjórnvalda á þessu ástandi og skorar á þau að láta hendur standa fram úr ermum. Við vitum öll að það eru til peningar til að bæta úr og minnum á að líf og heilsa fólks verður ekki metin til fjár."

Virðingarfyllt,

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri